

Mál nr. 75/2008

M og Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar byggingarfélags (A)

Meiðsl við byggingarvinnu þann 26.03. 2007

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 02.05. 2008, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 23.05. 2008 ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Vátryggingafélagið telur að málsatvik séu óupplýst. M hafi fengið í bakið við flutning á þungu tæki á milli hæða. Í fystu hafi verið haft eftir tjónþola (M) að hann hafi fengið í bakið við flutning á ryksugu á milli hæða en í síðari skýringum að hann hafi fallið í stiga við flutning á þungri dælu á milli hæða. M ere inn til frásagnar um hvað gerðist. Félagið vísar og til þess að vafi leiki á orsakatengslum við fyrri tjónsatburð, M muni nýverið hafa verið fjarverandi þegar umræddur atburður átti sér stað. Fram kemur að af upplýsingum vátryggingartaka hafi M nýlega mætt aftur til vinnu þegar umræddur atburður átti sér stað og var ástæða þeirrar fjarveru slys í frítíma. M telur bótaábyrg fyrir hendi sbr. röksemdafærslu hans í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu vátryggingafélagsins. Ekki hefur verið sýnt fram á að rekja megí meiðsl M til saknæmrar háttsemi vátryggingartaka eða starfsmanna hans eða aðstæðna sem hann ber ábyrgð á.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á greiðsluskyldu vátryggingafélagsins.

Reykjavík 3. júní 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.